# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um flugvernd nr. 750/2016.**

1. gr.

Við 53. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi liður:

l. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2096 frá 30. nóvember 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1254/2009 að því er varðar tilteknar viðmiðanir sem gera aðildarríkjunum kleift að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi og að samþykkja annars konar verndarráðstafanir, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka EES-samningsins, nr. 63/2017 frá 17. mars 2017. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 31 frá 18. maí 2017, bls. 110.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 70. gr. d, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 24. maí 2017.*

F. h. r.

**Sigurbergur Björnsson.**

*Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir.*